

**Kennarar:**

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

Jón Özur Snorrason (JÖS)

**Áfangalýsing**

„Af máli má manninn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

**Markmið áfangans:****Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalaus máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

**Námsefni:** Efni frá kennara.**Námsmat**

Verkefni	Vægi	Reglur áfangans
Verkefni 1 – 6	12%	Nemandi þarf að skila <u>öllum</u> verkefnum áfangans.
Málfarspróf 1 og 2	28%	
Ritunarverkefni	10%	Áfanganum lýkur með lokaprófi sem hægt er að vinna sig frá. Fái nemandi einkunn 7 að meðaltali úr málfarsprófum 1 og 2 auk þess sem verkefnum 1 – 6 og ritunarverkefni hefur verið skilað, þarf hann ekki að fara í lokapróf.
Tjáning, myndskrá	10%	
Ritgerð	20%	
Ræða	10%	
Ýmis verkefni	10%	Lokapróf er byggt á verkefnum 1 – 6, málfarsprófum 1 og 2 auk ritunarverkefnis.

## Vinnuáætlun - Orðspor haustönn 2019

Dags	Hvað á að gera?
19. – 23. ágúst	Kynning á áfanganum. Unnið með byggingu efnisgreina í verkefnum 1 – 3. Fjallað um málsnið.
26. – 30. ágúst	Verkefni 1, Gott mál og vont.
2. – 6. sept	Verkefni 2, Talmál og ritmál; Orðasafnið í heilanum.
9. – 13. sept.	Verkefni 3, Að hugsa á íslensku; Beygingar.
16. – 20. sept.	<b>Málfarspróf 1, byggt á verkefnum 1 – 3.</b> Lestur smásagna.
23. – 27. sept.	Verkefni 4, Myndmál og túlkun. Unnið með endursagnir, brú á milli efnisgreina og byggingu lengri texta í verkefnum 4 – 6.
30. – 4. okt.	. Verkefni 5, Stílbrögð.
7. – 11. okt. Miðannarmat	. Verkefni 6, Ritun.
14. – 18. okt. Áfangamessa + Verkefnadagar	<b>Málfarspróf 2, byggt á verkefnum 4 – 6.</b> Lestur smásagna.
21. – 25. okt. Valdagur	Bókmenntir og ritun.
28. – 1. nóv.	<b>Ritunarverkefni.</b> Huga vel að málfari, þrískiptingu og byggingu ritunar.
4. – 8. nóv.	<b>Tjáning (myndskrá).</b>
11. – 15. nóv. Dagur íslenskrar tungu	<b>Rökfærsluritgerð. Heimildavinna.</b> Kennsla í ritgerðarsmið. Ritgerð skrifuð.
18. – 22. nóv.	Rökfærsluritgerð skilað og viðtöl um endurbætur.
25. – 29. nóv.	<b>Ræður byggðar á með og mótrökum.</b>
2. – 6. des. Síðasti kennsludagur	Flutningur á ræðum. Ýmis verkefni, skrap og undirbúningur lokaprófs.
9. – 13. des	<b>Námsmat alla vikuna</b>
16. – 20. des.	<b>Sjúkrapróf mán 16.des – brautskráning á fös.20.des.</b>

Með von um góða samvinnu.

15. ágúst 2019

Íslenskukennarar